



Fréttatilkynning

26 April 2024 15:49:00 GMT

Arion banki hættir samstarfi við S&P og verður með eitt alþjóðlegt lánsþæfismat frá Moody's

Arion banki hefur ákveðið að nýta þjónustu frá einu alþjóðlegu lánsþæfismatsfyrirtæki, **Moody's Ratings**. Þar af leiðandi hefur bankinn sagt upp samningi sínum við **S&P Global Ratings**. Arion banki hefur verið með lánsþæfismat frá bæði S&P og Moody's síðastliðin tvö ár. Ákvörðunin kemur í kjölfar heildarendurskoðunar á þörfum bankans á þessu sviði.

Eins og kom fram á Markaðsdegi Arion banka 1. mars síðastliðinn þá hefur bankinn verði með fyrirkomulag lánsþæfismats sem bankinn kaupir af alþjóðlegum matsfyrirtækjum í endurskoðun. Lánsþæfismatseinkunn Arion banka hjá S&P er BBB+ með stöðugum horfum en lánsþæfismatið var nýlega hækkað úr BBB.

Meðal þeirra þátta sem Arion banki horfði til við endurskoðun á fyrirkomulagi lánsþæfismats var fyrirkomulag lánsþæfismats sambærilegra banka á Norðurlöndum, hvernig aðferðfræði við mat á lánsþæfismati styddi við framtíðarstefnu Arion banka í banka- og tryggingarrekstri og kröfu fjárfesta og annarra haghafa um vandað og viðurkennt lánsþæfismat.

Niðurstaða endurskoðunar bankans sem unnin var með aðstoð erlendra ráðgjafa var að eitt lánsþæfismat væri hæfilegt til að mæta kröfum bankans og fjárfesta og að heppilegt væri að viðhalda lánsþæfismati frá Moody's. Lánsþæfismatseinkunn Arion banka hjá Moody's er A3 með stöðugum horfum.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki hættir samstarfi við S&P og verður með eitt alþjóðlegt lánsþæfismat frá Moody's](#)